



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði forseta Póllands
Aleksander Kwańiewski
Varsjá
11. mars 1999

Virðulegi forseti Póllands og frú Kwańiewski
Heiðruðu gestir

Ég færi yður alúðarþakkir fyrir hlý orð í garð okkar Íslendinga og þá vináttu og gestrisni sem þér og stjórnvöld í Póllandi sýnið mér, dóttur minni og hinni íslensku sendinefnd.

Þótt þjóðir okkar eigi djúpar rætur í sögu og menningu Evrópu er heimsókn mín nú fyrsta ferð íslensks forseta til Póllands. Það er mér í senn heiður og gleði að hylla á þann hátt þróun lýðræðis og velferðar í landi yðar og votta pólsku þjóðinni einlæga aðdáun Íslendinga.

Forysta Pólverja við sköpun nýs samfélags frelsis, mannréttinda og friðsamlegrar sambúðar í umbreyttri Evrópu verður lengi í minnum höfð. Lítil eyþjóð í norðri sem sjálf barðist í heila öld fyrir sjálfstæði og fullveldi tók þátt í fögnuði ykkar á þeim tímamótum.

Pólverjar og Íslendingar eiga það sameiginlegt að rætur þjóðanna beggja liggja djúpt í þúsund ára sögu Norður-Evrópu. Báðar þjóðirnar hafa kappkostað að heiðra þennan uppruna og varðveita.

Stofnun ríkis og helgun kristinnar trúar varð um svipað leyti í löndunum báðum og árið 2000 munum við minnast 10 alda afmælis kristindóms.

Örlög Evrópu hafa mótað þjóðir okkar en hörmungar og mannfórnir hafi verið ykkar einstæð þolraun. Þið varðveitið minningar um mestu grimmdarverk og sönnustu hetjudáðir sem um getur á þessarri öld og

færið mannkyni öllu áminningu um ógurlegar afleiðingar hatramms heimsstríðs og miskunnarlausrar harðstjórnar, heitstrengingar um að aldrei aftur muni álfa okkar né veröldin sjálf þola slíka tíð.

Það gleður okkur Íslendinga mjög að ganga nú til móts við nýja öld og nýtt árþúsund í náinni samvinnu við ykkur Pólverja og einmitt heimsóknardaga mína hér verður Pólland á formlegan hátt bandalagsríki Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Sá gjörningur innsiglar tengsl okkar með nýjum hætti. Hann knýr til náins samráðs um hvernig við getum í sameiningu með öðrum aðildarríkjum NATO tryggt öryggi og frið í álfunni á nýrri öld.

Saga Atlantshafsbandalagsins sýnir að þátttaka hinna smærri lýðræðisríkja – Íslands, Danmerkur, Noregs og Bene-lúx landanna – hefur veitt bandalaginu siðferðilegan styrk og réttlætingu umfram hernaðarmátt hinna stærri aðildarríkja.

Við Íslendingar væntum mikils af framlagi Póllands til hinnar lýðræðislegu samræðu á vettvangi bandalagsins. Við þurfum í sameiningu að veita öðrum vinþjóðum okkar í norðri aðgang að varanlegu skipulagi á öryggismálum álfunnar. Í þeim efnum höfum við Íslendingar lagt ríka áherslu á rétt Eystrasaltsríkjanna.

Á þessu ári munu Íslendingar gegna formennsku í Evrópuráðinu og norrænir frændur vorir, Finnar, fara með formennsku í Evrópu-sambandinu. Við lok aldarinnar verður því norræn forysta í þessum lykilstofnunum Evrópu sem helgaðar eru lýðræði og efnahagslegum framförum.

Íslendingar meta mikils samvinnu við Pólverja innan vébanda Evrópuráðsins og við væntum þess að innan tíðar muni aðild Póllands að Evrópusambandinu styrkja viðskipti okkar á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins.

Reyndar er það svo að verslun hefur lengi bundið okkur traustum böndum. Við Íslendingar sem byggjum afkomu okkar að mestu á auðæfum hafsins höfum falið Pólverjum að smíða og bæta togara okkar og fiskiskip. Meira traust geta sjómenn vart sýnt neinni þjóð.

Við höfum svo í staðinn selt ykkur margvíslegar sjávarafurðir. Í heimsókn minni nú kynnum við ykkur sérstaklega hið heilsusamlega lýsi sem haldið hefur í okkur lífinu nyrst í Atlantshafinu í rösklega 1000 ár og ætlunin er að bjóða nú í öllum apótekum Póllands.

Á síðari árum hefur þessi samvinna okkar á sviði sjávarútvegs styrkst enn við það að fjöldi Pólverja hefur haldið til Íslands og gerst

liðsmenn okkar við vinnslu sjávarafurða. Í mörgum íslenskum sjávarbyggðum býr nú vænn hópur Pólverja og getur sér frábært orð og nýtur vinsælda.

Í litlu þorpi á Vestfjörðum þar sem ég ólst að hluta upp hjá afa mínum og ömmu eru Pólverjar orðnir svo virkir þátttakendur í mannlífínu að skemmtanahald er jöfnum höndum á pólsku og íslensku. Þegar við Guðrún Katrín fórum í okkar fyrstu opinberu heimsókn okkar innanlands að loknu forsetakjöri var söngur og tónlist Pólverja meðal helstu atriða í hátíðardagskrá heimamanna. Tengsl þjóða okkar innan ríkjabandalaga og formlegra samtaka eru nú styrkt með traustum böndum í þjóðlífínu sjálfu.

Íslendingar hafa einnig notið hins ríkulega pólska menningararfs með þátttöku pólskra listamanna í íslensku tónlistarlífi. Þannig hafið þið auðgað og dýpkað þróun nútímalista á Íslandi.

Mér er það sérstök ánægja að heiðra í heimsókn minni framlag hins virta pólska hljómsveitarstjóra, Bohdan Wodiczko, til íslenskrar menningarþróunar. Hann stjórnaði um áraraðir Sinfóníuhljómsveit Íslands á mikilvægum mótunarárum hennar og hafði djúp áhrif á ung íslensk tónskáld sem nú eru meðal höfuðsnillinga þjóðar minnar. Bohdan Wodiczko veitti Íslandi ríkulega af hinum einstæða tónlistararfi Póllands og fyrir það merka framlag þakka ég einlæglega.

Nóbelskáld okkar Íslendinga, Halldór Kiljan Laxness, hefur notið verulegrar hylli meðal pólskra lesenda og um þessar mundir er efnt til sérstakrar sýningar honum til heiðurs hér í Varsjá og erum við staðráðin í að efla á ný pólskar útgáfur á verkum hans.

Í hinum fjölpætta veruleika nútímans er mikilvægt að við og aðrar þjóðir Evrópu miðlum hver annari af auðugum lindum tungu og bókmennta, listum tóna og mynda sem eru í reynd uppsprettur alls starfs okkar í þágu lýðræðis og framfara.

Í aðdraganda nýrrar aldar hafa örlögin fært okkur, Pólverjum og Íslendingum og bandalagsþjóðum okkar, einstök tækifæri til að tryggja frið og frelsi, lýðræði og mannréttindi, öryggi og efnahagslegar framfarir í álfu okkar og heiminum öllum. Nú ríður á að við bregðumst ekki sögulegum skyldum okkar.

Ég fagna nýjum bræðralagsböndum þjóða okkar og bið virðulega gesti að rísa á fætur og heiðra forseta Póllands, Aleksander Kwaśniewski, og pólsku þjóðina.